

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmd markaðskönnunar og undirbúning útboðs á póstmargaði, 462. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 27. nóvember sl., um umsögn um ofangreint þingmál, á þingskjali 503.

FA tekur undir tillögu flutningsmanna, að innviðaráðherra verði falið að láta gera markaðskönnun á póstmargaði til að meta hvort nauðsynlegt sé að tryggja alþjónustu með samningi, útnefningu eða útboði samkvæmt póstlögnum, og hefja í kjölfarið undirbúning útboðs á þeim þjónustubáttum eða landsvæðum þar sem lágmarksþjónusta er ekki veitt á markaðsforsendum.

FA hefur um árábil bent á brot Íslandspósts á póstlöggjöfinni, m.a. með undirverðlagningu á alþjónustu, og hvernig eftirlitsstofnanir á póstmargaði, fyrst Póst- og fjarskiptastofnun og síðar Byggðastofnun, hafa vanrækt eftirlitshlutverk sitt og látið viðgangast að samkeppni Íslandspósts við einkafyrirtæki á póstmargaði væri niðurgreidd með fé skattgreiðenda.

Þannig hefur ríkt ólöglegt vandræðaástand á póstmargaðnum undanfarin ár, sem mikilvægt er að binda enda á. Úttekt Ríkisendurskoðunar, sem Alþingi samþykkti að óska eftir fyrr á þessu haustþingi, er liður í því. Markaðskönnun af því tagi sem tillagan kveður á um er annar nauðsynlegur þáttur.

FA tekur undir með flutningsmönnum að mikilvægt er að ljúka vinnu við markaðskönnun áður en alþjónustuframlag er veitt vegna ársins 2023. Undanfarin ár hefur Íslandspósti ohf. verið veitt alþjónustuframlag vegna þjónustu á svæðum, sem samkvæmt skilgreiningu Póst- og fjarskiptastofnunar voru talin „óvirk“ markaðssvæði, þrátt fyrir að þar hafi verið hörð samkeppni, einkum í pakkaflutningum. Á þetta hafa FA og fleiri aðilar bent ítrekað. Eins og segir í greinargerð tillögunnar er slík niðurgreiðsla ólögleg.

Í ákvörðun Byggðastofnunar Á-14/2023 var skilgreiningu óvirkra markaðssvæða breytt og þeim fækkað verulega hvað pakkadreifingu varðar, þar sem Íslandspóstur og stofnunin sjálf höfðu skyndilega fundið um 20 keppinauta fyrirtækisins í pakkaþjónustu. Breytt skilgreining óvirkra markaðssvæða á samkvæmt ákvörðuninni að taka gildi 1. janúar 2024. Hins vegar blasir við að samkeppnin kom til miklu fyrr. Það væri algjörlega óforsvaranlegt að Íslandspóstur fengi enn niðurgreiðslu frá skattgreiðendum vegna þjónustu sinnar á „óvirkum“ markaðssvæðum sem voru sannarlega ekki óvirk á árinu 2023. Þingið getur ekki með nokkru móti látið slíkt viðgangast.

Í fyrrnefndri ákvörðun Bygðastofnunar er jafnframt staðfest tap af bréfabjónustu Íslandspósts á allri landsbyggðinni, tap sem sagt er geta ógnað rekstrarhæfi Póstsins án aðkomu opinberra aðila. Þetta staðfestir í raun brot Íslandspósts gegn 3. mgr. 17. gr. póstlaga, um að gjaldskrá skuli taka mið af raunkostnaði, og að lögbundnu gjaldskráreftirliti hafi ekki verið sinnt. Auk þess verður að teljast líklegt að undirverðlagning bréfa eftir afnám einkaleyfisins hafi takmarkað möguleika nýrra aðila á markaðnum. Tilkynning Póstsins um allt að 50% verðhækkun bréfa innanlands sem taka á gildi nú um áramótin bendir til að þjónustan hafi verið stórlega niðurgreidd til langs tíma.

FA er að flestu leyti sammála þeirri greiningu, sem fram kemur í greinargerð tillögunnar og tekur undir að breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja samkeppni á póstmarkaði og verja hagsmuni skattgreiðenda. Útboð þjónustu á þeim svæðum, sem ekki verður sinnt á viðskiptalegum forsendum, er mun skynsamlegri leið en að ríkið haldi úti umfangsmiklum og óhagkvæmum rekstri, sem þarf sífellt að koma til bjargar með hlutafjár aukningum og „skapandi“ túlkunum á póstlögum til að sækja niðurgreiðslur í vasa skattgreiðenda. Vandséð er orðið að ríkisrekstur sé nauðsynlegur til að sinna þörfum markaðarins fyrir pósthjónustu.

Félagið mælist eindregið til þess að tillagan verði samþykkt. FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA